

# Fundur Svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, 28 Ágúst 2008.

**Mættir:** Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvi Ragnar Kristjánsson frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands, Ingvar Þóroddsson frá Samtökum Útivistarféлага, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Katrín Eymundsdóttir frá Norðurþingi og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 17.30

## Dagskrá:

1. **Verndaráætlun** (Sigprúður Stella Jóhannssdóttir frá NNA mætir á fundin)
2. **Markaðstefna Norðausturlands í ferðamálum** (Gunnar Jóhannesson frá AP mætir á fundinn)
3. **Drög að starfslýsingum og skipurit**
4. **Dettifossvegur**
5. **Húsnæðismál starfsmanna Þjóðgarðsins**
6. **Önnur mál**

## 1. Verndaráætlun

Sigprúður Stella (SP) frá Náttúrustofu Norðausturlands mætir á fundinn og kynnir stöðu á vinnu við Verndaráætlun.

SP útskýrði vinnuferlið sem skipta má gróflega í: a) Lýsingar; Bakgrunnurinn sem unnið er úr, b.) Greining; tækifæri og hættur osfrv. (drög fyrir jökulsárgljúfur lögð fram), c) Framtíðarsýn; stefnan til langs tíma, d) Aðgerðir; Markmið og leiðir að markmiðum. d) Áhrif áætlunarinnar; Umhverfisskýrsla. Verndaráætlun er skipulagsáætlun og því matsskyld. Hluti af áætluninni verður því umhverfisskýrsla og því ígildi umhverfismats

Að því loknu greindi SP frá stöðu verkefnisins

Allt að komast í gang varðandi samræmingu. Lýsingar eru langt komnar, þó mismunandi eftir svæðum og hafin er vinna við greiningu.

Að öðru leyti vísast í glærur Sigprúðar Stellu.

Almennar umræður um næstu skref. Sérstaklega hvernig hægt sé að gera heimafólk jákvæðara gagnvart garðinum.

Almenn umræða um viðmið Vatnajökulsþjóðgarðs gagnvart öðrum Þjóðgörðum.

## 2. Markaðsstefna Norðausturlands í ferðamálum.

Gunnar Jóhannesson verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélagsi Þingeyinga greinir frá stefnumótunarvinnu í ferðamálum á Norðausturhorninu. Þeir hafa fengið erlenda ráðgjafa til að vinna verkið með sér, þeirra mikilvægastur er John S. Hull frá Nýja Sjálandi.

Nýstárleiki verkefnisins felst í landupplýsingakerfi (GIS) sem ferlið er unnið beint niður í.

Verkefnið nær til Vopnafjarðar í austri til Grenivíkur í vestri og suður hálendið allt að Jökli.

Gunnar Jóhannesson spyr: Hvernig á Vatnajökulsþjóðgarður að vera sem ein af vörum Norðausturlands? Hvernig er mögulegt að samhæfa aðgerðir Þjóðgarðsins og þessa stefnumótun?

Umræða um fjölda túrista, markaðsetningu og þolmörk, skemmtiferðaskip o.fl.

Menn sammála um að þessi stefnumótunarvinna geti vel samrýmst verndaráætlun.

Kemur fram að Atvinnuþróunarfélagið og þetta verkefni verður tekið fyrir á samráðsfundi í Nóvember.

## 2. Drög að Starfslýsingum og skipurit

Drögin voru unnin af Hjaltal Þór Vignissyni formanni svæðisráðs suðursvæðis, Þórði Ólafsyni framkvæmdastjóra og Regínu Hreinsdóttur Þjóðgarðsverði suðursvæði. Böðvar gerir grein fyrir umræðu á stjórnarfundum.

Umræða um paraþjóðgarðverði á norður og suðursvæði. Umræða um samræmi milli skipurits og starfslýsinga. Umræða um mörk ábyrgðarsviða framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarðar.

Samþykkt að fá Böðvar og Ingvar til að leggjast yfir drögin og gera tillögur um breytingar á orðalagi starfslýsinga.

Svæðisráð ályktar að aðeins einn Þjóðgarðsvörður verði yfir Norðursvæðinu, þar sem endanleg rekstrar og fjárhagsábyrgð sé ekki skiptanleg.

Svæðisráðið ályktar að í starfslýsingum framkvæmdastjóra komi fram að honum beri að fylgja eftir síðari efnisgrein annarar greinar reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð: „Þessi landnýting er til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og ber því enn fremur að líta á Vatnajökulsþjóðgarð sem mikilvæga aðgerð til eflingar byggðar á svæðinu.“

## 4. Dettifossvegur

Hjörleifur greinir frá stöðu mála hvað varðar botnlanga og þau skref sem tekin haf verið frá síðasta fundi. Von er á fólki frá vegagerðinni í vettvangsferð 2. Október, og munu þá mál skýrast frekar.

## 5. Húsnæðismál.

Böðvar greinir frá umræðum á síðasta stjórnarfundum. Spurning hvort ráðið vilji breyta tillögum sínum frá síðasta fundi. Samþykkt að gera það ekki.

## 6. Önnur mál

- Fundur 3. Október á Hótel Seli Mývatnssveit frá kl. 1030 til u.þ.b. 1530 um verndaráætlun með stjórn, svæðisráðum og lykilstarfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs.